

Sp. 118. Tillaga til þingsályktunar [72. mál]

um innlausn lífeyristrygginga fólks, er missti fyrirvinnu sína af stríðsvöldum.

Flm.: Áki Jakobsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að innleystur verði með peningagreiðslu lífeyrir, sem keyptur hefur verið fólki, sem misst hefur fyrirvinnu sína af stríðsvöldum, samkv. 3. gr. l. nr. 76 27. júní 1941, og að innleyst verði á nafnverði þau skuldabréf, sem þegar hafa verið afhent handhöfum þessara lífeyrisgreiðslna og enn eru í eigu þeirra.

Greinargerð.

Með 3. gr. laga nr. 76 frá 27. júní 1941, um breyt. á l. nr. 66 7. maí 1940, um stríðsslysstryggingar sjómanna, var ákveðið, að kaupa skyldi hinum tryggða og aðstandendum hans árlegan lífeyri hjá viðurkenndum tryggingarfélagum. Vegna hinnar miklu lækkunar, sem orðið hefur á verðgildi peninga á stríðstímunum og eftir stríðið, reyndust lífeyriskaup þessi aðstandendum þeirra, er létust af stríðsvöldum, mjög óhagstæð. Því var það, að er lög nr. 43 frá 9. maí 1947, um innlenda endurtryggingu, stríðsslysstrygginga skipshafna o. fl., voru sett, var í síðustu málsgrein 23. gr. tekin upp heimild fyrir stjórn stríðsslysstrygginganna til að innleysa lífeyri, sem seldur var samkv. lögum um stríðsslysabætur, hinum lífeyristryggðu að skaðlausu. Mjög margir af hinum tryggðu hafa notað sér þetta, en í framkvæmd hefur sá ljóður á orðið, að fólk þetta hefur aðeins fengið afhent skuldabréf, bæði ríkisskuldabréf og skuldabréf Reykjavíkurbæjar, en ekki peninga, svo að hagræði það, sem ekkjum og foreldrum átti að verða af þessari innlausn, hefur orðið sáralítið. Vátryggingarfélag þau, sem tóku við stríðsslysabótunum og veittu lífeyristrygginguna, munu hafa komið þessu fé fyrir í verðbréfum og kváðust því ekki geta greitt út með öðru en skuldabréfum.

Heildarupphæð sú, sem hér er um að ræða, er um það bil 1 300 000 kr., og af þeirri upphæð er búið að greiða aðstandendum um 800 000 kr. í skuldabréfum. Nú má gera ráð fyrir því, að ýmsir þeirra, er fengið hafa þessi skuldabréf, séu búnir að selja þau á einn eða annan hátt, svo að varla þarf að innleysa meira en ca. 600 000 kr. Ýmsir hinna lífeyristryggðu hafa ekki óskað eftir að fá líftrygginguna innleysta, og er ekki fjarri lagi að telja, að þeir, sem ekki hafa þegar látið innleysa líftryggingu sína, séu ákveðnir í að halda henni áfram.

Eðlilegast er, að Tryggingastofnun ríkisins, sem ávallt hefur mikið fé handbært, leysi inn þessi skuldabréf. Ef tillagan verður samþykkt, er þess að vænta, að ríkisstjórnin leitist við að fá þessa stofnun til að innleysa bréfin, en að öðrum kosti innleysi ríkissjóður.

Ég vil loks benda á, að aðstandendur þeirra, sem létust af stríðsvöldum, hafa verið mjög illa settir vegna hinnar gifurlegu lækkunar á verðgildi peninga, sem átt hefur sér stað síðan þessi lífeyrir var keyptur. Bætur þessar hafa raunverulega lækkað mjög mikið við að þær voru bundnar á þennan hátt samanborið við það, ef aðstandendur hefðu getað hagnýtt sér þær til kaupa á varanlegum verðmætum, eins og t. d. íbúðarkaupum handa sjálfum sér. Fyrir langflest af þessu fólki er það lítils virði að fá skuldabréf í hendurnar, og með því móti fæst alls ekki það fram, sem til var ætlazt er innlausnarheimildin var veitt með lögnum nr. 43 frá 9. maí 1947.